

Hreinni Hornstrandir
Móholt 11
400 Ísafjarðarbær
c/o gautigeirs@gmail.com

Reykjavík 27. júní 2019
UST201906-208/G.G.
09.08.02

Efni: Akstur utan vega – Barðsvík í friðlandinu á Hornströndum

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Gauta Geirssonar fyrir hönd Hreinni Hornstranda, dagsett 20. júní 2019, um leyfi til aksturs fjórhjóls utan vega innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt a 60 fóðum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar eða ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Fyrirhugað er að aka fjórhjóli um tveggja kílómetra leið eftir fjöruborði í Barðsvík í friðlandinu á Hornströndum. Umsækjandi, Hreinni Hornstrandir, eru áhugamannasamtök sem vinna að því að auka verndargildi Hornstrandafriðlandsins og hafa unnið að hreinsun stranda innan þess í samstarfi við Umhverfisstofnun síðustu ár. Nýlega var fjara Barðsvíkur hreinsuð og var megninu af ruslinu safnað í saltpoka sem eru hátt uppi í fjörunni. Auk þeirra þarf að fjarlægja forsteyptar húseiningar og hluta af stórum trollum og öðrum veiðarfærum af svæðinu. Til að hægt sé að ljúka hreinsuninni þarf að nota fjórhjól þar sem flytja þarf þungt farg, allt að 1000 kg, nær fjöruborði og er slíkt ekki á færi fárra manna. Þaðan verður ruslið flutt á tuðrum út í varðskip.

Í fylgiskjali með umsókninni er merkt inn á kort það svæði sem fyrirhugað er að aka um.

Fimmtán manns munu koma að verkefninu sem á að fara fram 13. júlí n.k.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til langframa og að hún muni ekki hafa neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Ekki er vitað til þess að í fjörunni sé sandlóu- eða kríuvarp og ekki er gert ráð fyrir að fara upp úr fjörunni og því muni ekki verða rask á gróðri. Í Barðsvík koma mjög fáir gestir og flestir þeirra sem eiga leið um svæðið halda sig ofar í víkinni á gönguleið á næsta tjaldstað. Ekki er líklegt að truflun hljótist af meiri en sú sem tengist flutningi efnisins út í varðskipið. Aðgerðin sem nota á fjórhjólið við er auk þess til þess fallin að auka verndargildi svæðisins. Barðsvíkin er þekkt

rekasvæði með stórum sandfjörum sem hafa safnað til sín gríðarlegu magni af rusli í bland við rekaviðinn.

Þess skal getið að Umhverfisstofnun er styrktaraðili verkefnisins og hafa landverðir tekið þátt í flestum ferðum sem Hreinni Hornstrandir hafa skipulagt. Það verður eins í þessari tilteknu ferð. Hreinsunin sem verið er að framkvæma er ekki möguleg með þeim starfsmönnum sem Umhverfisstofnun hefur á svæðinu og því dýrmætt að félagasamtök taki slíkt verkefni að sér í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Undirbúningur og frágangur allra fyrri hreinsunarferða hefur verið til mikillar fyrirmynnar og hafa skipuleggjendur sýnt í verki þá virðingu sem þeir bera fyrir svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri í fjöru Barðsvíkur sbr. lýsingu hér að ofan þann 13. júlí 2019 að uppfylltum eftifarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Draga má úr neikvæðum áhrifum með því að raka yfir þau hjólför sem verða það ofarlega í fjörunni að þau muni ekki hverfa strax í næsta flóði eftir að verkefninu líkur.
- Sýna skal aðgæslu gagnvart dýrum og fuglum sem kunna að vera á svæðinu.
- Það er með öllu óheimilt að aka upp á gróið land á hjólinu.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.


Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri